

Nd.

213. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um breyting á lögum 15. okt. 1875, um laun íslenskra embættismanna, lögum 3. okt. 1903, um skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands, og lögum 20. okt. 1913, um stofnun hagstofu Íslands.

Flutningsmenn: Sveinn Ólafsson, Einar Árnason og Þorsteinn Jónsson.

1. Við 1. gr.

Greinin orðist svo:

Dómstjórinn í landsyfirdómnum hefir að launum 5200 krónur á ári og yfirdómendurnir í sama dómi 4200 krónur árlega hver.

2. Við 2. gr.

Greinin orðist svo:

Skrifstofustjórarnir í stjórnarráðinu hafa að árslaunum 4200 krónur hver. Sömu laun greiðast hagstofustjóra.

3. Við 3. gr.

Greinin falli burt.

4. Við 4. gr., sem verður 3. gr.

Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1919.

5. Við fyrirsögnina:

a. Fyrir »um skipun« komi:

um aðra skipun.

b. Orðið »stofnun« falli burt.